

Norðurljósín – Perlur Eyjafjarðar

Ársskýrsla 2023



Norðurljósín eru félagsskapur fyrir iðkendur þríþrautar á Akureyri. Æfingar eru stundaðar eftir fjarþjálfunarprogrammi frá þríþrautarfélaginu Ægir3. Norðurljósín eru í góðu samstarfi við forsvarsmenn Ægis3 og er iðkendum Norðurljósanna velkomið að taka þátt í viðburðum eins og æfingabúðum og keppnisferðum á þeirra vegum.

Stjórn Norðurljósanna var kosin á aðalfundi í apríl 2023 og hana skipa:

Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir formaður/gjaldkeri

Kristjana Pálsdóttir Margrétardóttir ritari

Hildur Andrjésdóttir meðstjórnandi

Sigrún María Bjarnadóttir meðstjórnandi

Skoðunarmaður reikninga er Þórdís Ingvadóttir

Helstu viðburðir á árinu voru þessir:

Í apríl fóru 4 iðkendur í æfingabúðir á Laugarvatni sem haldnar voru af þríþrautafélaginu Ægir3. Auk Norðurljósanna var iðkendum frá 3N úr Reykjanesbæ boðið að vera með. Frábær helgi í alla staði þar sem Akureyringar sköpuðu dýrmæt tengsl við aðra þríþrautariðkendur á landinu.

Laugarvatnsþríþrautin var haldin í lok júlí, þar áttu Norðurljósín 2 keppendur.

Norðurljósapríprautin var haldinn í 3 skipti á Hrafnargili 22.júlí. Í þetta skiptið var keppt í sprettþraut og mættu 27 þátttakendur til leiks, þar af 4 í byrjendaflokki. Að venju lék veðrið við okkur og aðstæður voru eins og best var á kosið. Norðurljósín hafa átt einstaklega gott samstarf við starfsfólk Íþróttamiðstöðvarinnar á Hrafnargili og verður fjórða Norðurljósapríprautin haldin þar í júlí 2024.

Í byrjun september var haldinn kynningarfundur og í beinu framhaldi af honum var áhugasömum boðið að taka þátt í 2 vikna nýliða prógrammi. Ágætis mæting var á fundinn og skilaði hann 4 nýjum iðkendum í klúbbinn.



1. Október áttu Norðurljósín 7 keppendur í IronMan keppni sem fram fór í Barcelona á Spáni. 4 keppendur kláruðu heilan IronMan og 3 keppendur hálfan. Enn á ný voru það Ægiringar sem tóku Akureyringum opnum örmum og nutu Norðurljósín góðs af reynsluboltunum sem þar eru og að vera hluti af stærsta liði keppinnar með þeim fríðindum sem því fylgdu.

Á uppskeruhátíð Þríþrautasambands Ísland, sem haldinn var 9. nóvember, var Hildur Andrjesdóttir, Norðurljósunum, kosin nýliði ársins í kvennaflokki. Í karlaflokki var nýliði ársins Frey Eduardo Alvarz Gonzáles. Frey hefur æft með Ægir3 en gekk í Norðurljósín í lok árs.

Í byrjun nýs æfingarárs, í október, var ákveðið að taka upp hóflegt árgjald í Norðurljósín. Þetta var gert til þess að geta haldið betur utan um hverjir eru virkir meðlimir og hafa þeir aðgang að lokuðum Facebook hóp og spjalli auk þess sem stjórnin stendur fyrir viðburðum sem aðeins eru fyrir meðlimi. Í lok árs 2023 voru virkir meðlimir 17.

Rekstrarreikningur ársins 2023

Rekstrartekjur	
Félagsgjöld	136.000
Tekjur af mótum	145.000
	<hr/>
	281.000
Rekstrargjöld	
Kostnaður við iðkendur	46.724
Kostnaður vegna móta	86.050
	<hr/>
	132.774
Rekstrarafkoma	148.226
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	
Vaxtatekjur	5.953
Vaxtagjöld og verðbætur	-1.309
	<hr/>
	4.644
Afkoma ársins	<hr/> <hr/>
	152.870

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	
Veltufjármunir	
Handbært fé	442.491
	<hr/>
	442.491
Eignir samtals	<hr/> <hr/>
	442.491
Eigið fé og skuldir	
Eigið fé	
Eiginfjárreikningur	442.491
Skuldir	
Skammtímaskuldir:	0
	<hr/>
	0
Skuldir samtals	0
Eigið fé og skuldir samtals	<hr/> <hr/>
	442.491